

Umhverfis- og orkustofnun
Suðurlandsbraut 24
108 Reykjavík

TILV./BRÉF YÐAR:

VERKNÚMER:
06247008


DAGS.:
2026-04-27

NR.:
514532

Umsókn um heimild til lagningar neðansjávarvatnsleiðslu til Vestmannaeyja

Fyrirhuguð framkvæmd og staðhættir

Vestmannaeyjabær undirbýr lagningu nýrrar neðansjávarvatnsleiðslu (NSL4) milli Landeyjasands og Vestmannaeyja með það að markmiði að auka afhendingaröryggi neysluvatns til íbúa og atvinnulífs í Vestmannaeyjum. Fyrirhuguð framkvæmd felur í sér lagningu um 12,5 km langrar vatnsleiðslu sem liggur að mestu leyti á hafsbotni á um 30–90 m dýpi, með landtöku í Bakkafjöru á Landeyjasandi og í Skansfjöru í Vestmannaeyjum, sjá Mynd 1



Mynd 1 Yfirlitsmynd sem sýnir legu fyrirhugaðrar vatnsleiðslu (NSL4) ásamt öðrum leiðslum milli lands og Vestmannaeyja. Myndin sýnir einnig afmörkun veiðibanns á svæðinu sem leiðslurnar liggja um.



Leiðslan verður um 8 tommur að þvermáli og er þrýstiberandi plastpípa með styrktarlögum sem auka burðarþol og viðnám gegn ytra álagi. Leiðslan verður flutt út í heilu lagi með sérhæfðu kapalskipi og lögð eftir fyrir fram ákveðinni, hnitsettri lagnaleið. Skipið mun fara eins nálægt Landeyjasandi og aðstæður leyfa og verður leiðslunni fleytt upp í fjöru þar sem vinnuvélar taka við henni og draga að tengipunkti sunnan við núverandi dæluhús í Bakkafjöru. Að því loknu verður leiðslan dregin yfir hafsbotninn að Vestmannaeyjum og tekin á land í Skansfjöru þar sem hún tengist fyrirbyggjandi leiðslu að vatnsveitu bæjarins.

Við báða tengipunkta þarf að grafa leiðsluna niður í fjöru til að tryggja stöðugleika og vernd hennar. Grafið verður yfir leiðsluna aftur með sama efni og upp kemur og er því ekki gert ráð fyrir efnistöku eða notkun aðflutts fyllingarefnis. Næst Landeyjahöfn kann að verða þörf á að mynda rás í botn með spúlun til að tryggja fullnægjandi legu leiðslunnar. Utan við um 30 m dýpi verður leiðslan lögð beint ofan á hafsbotninn og næst Vestmannaeyjum verður hún skorðuð með steiptum sökkum með um 50 m millibili til að tryggja stöðugleika hennar á botni. Lagnaleiðin fylgir að mestu legu núverandi neðansjávarvatnsleiðslu (NSL3) og eru landtökustaðir hinir sömu, sem dregur úr raski sem myndi fylgja nýjum landtökustað.

Framkvæmdatími er áætlaður um þrír mánuðir í heildina og er stefnt að því að framkvæmdir fari fram yfir sumartímann 2026 þegar veður- og sjólagsaðstæður eru hagstæðar.

Framkvæmd ekki háð mati á umhverfisáhrifum

Í október 2025 var framkvæmd við lagningu neðansjávarvatnslagnar (NSL4) til Vestmannaeyja tilkynnt til Skipulagsstofnunar til ákvörðunar um matsskyldu. Þann 20. janúar 2026 birti Skipulagsstofnun ákvörðun þess efnis að framkvæmdin væri ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skyldi því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Í niðurstöðu Skipulagsstofnunar kemur fram að framkvæmdin sé ekki umfangsmikil og að áhrif hennar séu fyrst og fremst tímabundin á framkvæmdatíma, einkum vegna rasks á botnlagi og gruggmyndunar. Eftir að framkvæmdum lýkur sé gert ráð fyrir að yfirborð og umhverfi færist að mestu í fyrra horf og að varanleg áhrif verði óveruleg. Þá er ekki talið líklegt að framkvæmdin leiði til þess að viðkomandi vatnshlot nái ekki umhverfismarkmiðum sínum. Greinargerð tilkynningar þar sem fram kemur ítarlegri umfjöllun um strenglagningu, umhverfisaðstæður og væntanleg áhrif auk ákvörðunar Skipulagsstofnunar eru í fylgiskjöllum 2 og 3.

Samræmi við fyrirbyggjandi skipulag

Fyrirhuguð framkvæmd er að hluta til innan marka Aðalskipulags Rangárbings eystra 2020–2032 og að hluta innan Aðalskipulags Vestmannaeyjabæjar 2015–2035 en er að öðru leyti utan skipulags.

Í Aðalskipulagi Rangárbings eystra 2020–2032 er gert ráð fyrir vatnsveitu að Vestmannaeyjum. Þar kemur fram að veitan liggi frá Syðstu-Mörk til Vestmannaeyja. Skv. aðalskipulagsupprætti liggur lagnaleiðin um dælustöð HS Veitna hf. á Landeyjarsandi í átt að Vestmannaeyjum. Í aðalskipulaginu segir að tryggja skuli afhendingaröryggi neysluvatns til íbúa og fyrirtækja. Lagnaleiðin liggur um landnotkunarreitina Strandsvæði ST1 og *Vötn, ár og sjór*. Í almennum skilmálum fyrir *Vötn, ár og sjór* segir að gert sé ráð fyrir minniháttar mannvirkjum, s.s. sæstreng. Framkvæmdin er því í samræmi við Aðalskipulag Rangárbings eystra 2020–2032, miðað við fyrirbyggjandi upplýsingar.¹

Ósamræmi er við Aðalskipulag Vestmannaeyjabæjar 2015–2032, þar sem lega núverandi vatnsleiðslu (NSL3) er ekki rétt skráð á skipulagsupprætti. Bæjarstjórn hefur brugðist við því með því að auglýsa tillögu að breytingu á aðalskipulaginu í samræmi við 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Tillagan felur í sér að leiðrétta legu núverandi vatnsleiðslu (NSL3) og gera þar jafnframt ráð fyrir fyrirhugaðri vatnsleiðslu (NSL4), sem mun liggja samsíða núverandi leiðslu. Tillagan er nú í auglýsingu og er skipulagsferlið því á kynningarstigi, þar sem umsagnaraðilar og almenningur hafa tækifæri til að gera


¹ Aðalskipulag Rangárbings eystra 2020–2032.



athugasemdir áður en sveitarstjórn tekur málið til endanlegrar afgreiðslu og sendir Skipulagsstofnun til staðfestingar.²

Ekkert deiliskipulag er í gildi á lagnaleið vatnsleiðslunnar og ekki þörf á deiliskipulagsgerð, þar sem allar meginforsendur munu liggja fyrir í aðalskipulagi og hægt að veita framkvæmdarleyfi á grundvelli þess. Ekkert strandsvæðisskipulag er í gildi á framkvæmdasvæðinu og gerð þess er ekki á áætlun samkvæmt aðgerðaráætlun landsskipulagsstefnu 2024–2028.³

Neðansjávarvatnsleiðslan er innan svæðis þar sem í gildi er reglugerð um bann við veiðum milli lands og Vestmannaeyja nr. 732/1997 m.s.br. og þar eru allar veiðar bannaðar á afmörkuðu svæði, sjá Mynd 2.



Mynd 2 Myndin sýnir afmörkun veiðibanns milli lands og Vestmannaeyja (bleikar línur yst). Á myndinni eru einnig sýndir sæstrengir og aðrar lagnir (<https://atlas.lmi.is/mapview/?application=haf>).

Leyfi Samgöngustofu

Samhliða þessari umsókn til Umhverfis- og orkustofnunar, er sótt um samþykki Samgöngustofu skv. lögum um vitamál nr. 132/1999.

Fyrir hönd Vestmannaeyjabæjar er hér með óskað eftir samþykki Umhverfis- og orkustofnunar fyrir lagningu neðansjávarvatnslagnar til Vestmannaeyja, sbr. 4.-6. gr. reglugerðar nr. 600/2018 um heimild til lagningar sæstrengja og neðansjávarleiðslna.

² Alta, 2026. Auglýst tillaga um breytingu á Aðalskipulagi Vestmannaeyja 2015-2035. Ný vatnslögn til Vestmannaeyja.

³ Innviðaráðuneytið, 2023. Tillaga til þingsályktunar um landsskipulagsstefnu fyrir árin 2024–2038 ásamt fimm ára aðgerðaráætlun fyrir árin 2024–2028. Stjórnarráð Íslands.



Virðingarfyllst, f.h. Verkís hf. og Vestmannaeyjabæjar.
Tinna Jónsdóttir

Fylgiskjöl:

1. Kort sem sýnir legu neðansjávarvatnsleiðslu NSL4 með hnitaskrá.
2. Verkís, 2025. Neðansjávarvatnsleiðsla til Vestmannaeyja. Fyrirspurn um matsskyldu. Unnið fyrir Vestmannaeyjabæ.
3. Skipulagsstofnun, 2026. Neðansjávarvatnsleiðsla til Vestmannaeyja. Ákvörðun um matsskyldu. Skipulagsstofnun. Dags. 20. janúar 2026.
4. Aðalskipulag Rangárpings eystra 2020-2032. Greinargerð.
5. Alta, 2026. Auglýst tillaga um breytingu á Aðalskipulagi Vestmannaeyja 2015-2035. Ný vatnslögn til Vestmannaeyja.
6. Verkís hf, 2026. Áhrifamat – Neðansjávarvatnslögn NSL4 (ID 504666). Minnisblað FS-014-06.